

Nafnið.is: Staður á Íslandi, kynning

Æfing í heimildaöflun og að nota gagnasöfn sem rannsóknartól

Veldu þér jörð á Íslandi sem þú þekkir vel eða vilt vita meira um. Það getur verið gatan eða hverfið sem þú ólst upp í, sveit sem amma þín eða afi bjuggu í, svæðið í kringum sumarbústað sem þú ferð reglulega í eða sögulegur staður sem þú hefur annars engin persónuleg tengsl við. Reyndu að afmarka efnið þitt vel, því smærra svæði því betra. Búðu til kynningu um jörðina.

Byrjaðu á að finna upplýsingar um jörðina á nafnid.is. Þú getur leitað í leitarstíkkunni en þú getur líka skoðað lista af skráum undir *sveitarfélög* og *sýslur* eða skoðað Íslandskort á vefsíðunni. Lestu örnefnaskrár sem eru til um jörðina og skoðaðu lýsingarnar.

Kynning, **3-5 mínútur**. Hafðu inngang þar sem þú kynnir stuttlega staðinn sem þú ætlar að rannsaka. Í meginmáli setur þú fram það sem þú fannst á nafnid.is (og fleiri vefsíðum ef þú notar þær). Í lokaorðum dregur þú saman niðurstöður.

Umræðuefni

Kemur fram hvers vegna jörðin heitir sínu nafni? Eru örnefni nefnd sem eru notuð yfir stærri svæði í dag? Hvernig hefur svæðið breyst síðan á tímanum sem lýst er í örnefnaskránni? Finnur þú örnefnaskrár frá fleiri en einum tíma og getur borið saman hvað hefur breyst á milli þessara tíma?

Skoðaðu fleiri vefsíður og leitaðu að upplýsingum um staðinn þinn. Þú þarft ekki að leita í öllum síðunum. Mundu að athuga vel ártölin á efninu sem þú finnur, reyndu að fjalla um afmarkaðan tíma eða bera saman ólík tímabil, ekki nota efni í belg og biðu frá alls konar tímabilum.

- **Ísmús** (<https://ismus.is/>). Munnlegar heimildir um þjóðsögur og ævintýri og upplýsingar um merkilegt fólk. Einnig ljóð, kvæði o.fl.
 - o Eru einhverjar þjóðsögur til um staðinn þinn? Hefur þú heyrt um þær áður? Áttu einhverjar kynjaverur leið á staðinn þinn? Þjó eitthvað merkilegt fólk á staðnum þínum?
- **Sögulegt mann- og bæjartal** (<https://smb.mshl.is/>)
 - o Hvaða fólk bjó á staðnum? Hvenær? Hvað bjuggu margir á staðnum?
- **Sarpur** (<https://sarpur.is/is/>). Ljósmyndir, kort og fleira.
 - o Finndu mynd af staðnum. Hefur eitthvað breyst?
- **Saga map** (<https://sagamap.hi.is/is/>). Sögustaðir Íslendingasagnanna.
 - o Átti einhver viðburður í Íslendingasögunum sér stað á staðnum þínum? Komu þekktar persónur úr Íslendingasögunum við á staðnum þínum?
- **Tímarit.is** (<https://timarit.is/>). Blaða- og tímaritsgreinar frá 19.–21. öld.
 - o Var einhver merkilegur viðburður sem átti sér stað á staðnum þínum?
- **Ísland á filmu** (<https://islandafilmu.is/>). Íslenskar kvikmyndir frá 20. öld.
 - o Finnur þú myndefni frá staðnum þínum? Var eitthvað merkilegt sem gerðist þar?